

Allan annan málskostnað greiði hinir sakfelldu ákærðu in solidum.
Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maí 1952.

Nr. 161/1951. **Ákærvaldið** (Theódór B. Líndal)
gegn

Einari Baldvin Olgeirssyni (Ragnar Ólafsson).

Meinyrði. Brot gegn 108. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Baldur Möller, skipaður setudómari í málinu.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að refsing ákærða ákveðst sekt, kr. 1500.00, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Það athugast, að sá, er fór með rannsókn út af upphlaupinu við Alþingishúsið 30. marz 1949, hefði ekki átt að bóka hin meiðandi ummæli ákærða um héraðsdómarann.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Baldvin Olgeirsson, greiði kr. 1500.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda

í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Lín-
dals og Ragnars Ólafssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. júlí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. janúar s.l., er höfðað gegn Einari Baldvin Olgeirssyni alþingismanni, til heimilis að Hrefnugötu 2 hér í bæ, fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Ákærði er fæddur 14. ágúst 1902 á Akureyri. Hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

1935 21/6 Dómur Hæstaréttar: 4 mánaða fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi fyrir brot gegn 101., 102. og 113. gr. sbr. 52. gr. al-
mennra hegningarlaga og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar
Reykjavíkur.

1935 11/7 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 75 króna sekt fyrir brot gegn
ákvæðum 9. kap. almennra hegningarlaga, 83. gr., 4. mgr.

1940 28/5 Áminning fyrir brot gegn lögum nr. 9/1940 og auglýsingu nr.
196/1939.

1941 15/2 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 3ja mánaða varðhald fyrir
brot gegn 121. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
Staðfest í Hæstarétti 17/3 1941.

1945 8/3 Reykjavík. Dómur aukaréttar: Sýknaður af ákæru fyrir meint
brot gegn 12. kafla hegningarlaganna.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Föstudaginn 8. apríl 1949 var ákærði kallaður sem vitni í sambandi við
rannsókn út af óeirðum við Alþingishúsið 30. marz s. á. Gaf ákærði þá
fyrir réttinum svofellda yfirlýsingu:

„Eftir þeirri réttarrannsókn, sem fram hefur farið út af atburðunum
30. f. m. í sambandi við afgreiðslu Alþingis á samþykkt um þátttöku
Íslands í Atlantshafsbandalaginu, er það ekki óháður og hlutlaus dóm-
stóll, sem fer með málið, þar sem leitast er við að koma sökum á hendur
verkalýðshreyfingunni, en hins vegar reynt að dylja sekt þeirra, sem með
atburðunum þann dag voru að stofna til „provokationa“, sem nota átti
sem átyllu til ofsókna gegn verkalýðshreyfingunni og Sósíalístaflökknum.
Og á meðan þeir, sem þarna eru sekir að mínu áliti, lögreglustjórnin, ráð-
herrarnir og formenn stjórnarflokkanna og það lið, sem þeir hafa vopnað,
hafa ekki verið teknir til yfirheyrslu fyrir framferði sitt, þá mun ég ekki
svara spurningum réttarins. Hins vegar um leið og það yrði gert, mun ég
svara þeim spurningum, sem fyrir mig eru lagðar.“

Ákærði hefur í réttarhaldi 25. sept. 1950 viðurkennt að hafa viðhaft
þessi ummæli.

Í þessari yfirlýsingu ákærða felst áburður á hendur rannsóknardómar-
anum um, að hann sé ekki óháður og hlutlaus í starfi sínu og leitist við
að koma sökum á hendur saklausum, en reyni hins vegar að dylja sekt

þeirra, sem raunverulega hafi átt sök á atburðum þeim, sem urðu tilefni rannsóknarinnar. Ummæli þessi verður að telja mjög meiðandi fyrir rannsóknardómarann.

Ákærða var, meðan á meðferð máls þessa stóð, gefið tækifæri til þess utan réttar að kynna sér réttargerðir fyrrnefndrar rannsóknar.

Rannsóknarefni það, sem fyrir dómstólnum var til meðferðar, var, eins og áður segir, óeirðir þær, sem urðu við Alþingishúsið 30. marz 1949.

Alþingi fjallaði hinn 29. og 30. marz 1949 um málefni, sem mikill ágreiningur hafði orðið um utan þings og innan. Þeir atburðir höfðu gerzt við þinghúsið þegar hinn 29. marz, að sýnt var, að nauðsyn bar til, að gerðar væru umfangsmiklar ráðstafanir til að halda uppi reglu og vernda vinnufrið Alþingis við framhald starfa þess næsta dag. Þrátt fyrir löggæzluráðstafanir þær, sem gerðar voru, kom til árása á gæzlulíðið og þinghúsið, svo að sýnt var, að mannhætta stafaði af. Þótti þá nauðsyn að grípa til skjótvirkra ráðstafana til að forða enn alvarlegri atburðum.

Með hliðsjón af þeim atvikum, sem hér hefur verið lýst, verður að telja, að margnefndri rannsókn hafi verið beint með eðlilegum hætti að þeim lögbrotum, sem líklegt mátti telja, að framin hefðu verið í sambandi við umræddar óeirðir. Verður því ekki talið, að framangreind ummæli ákærða hafi við rök að styðjast, og hefur hann með þeim gerzt brotlegur við 108. gr. hinna almennu hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 900 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað.

Allverulegur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa vegna langvarandi veikinda setudómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Baldvin Olgeirsson, greiði 900 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.